

1921

4

5

19. jan.

Gjaldskrá

fyrir

**hreinsun reykháfa og pípnna úr ofnum og eldstóm í
Akureyrarkaupstað.**

Sótaragjald í kaupstaðnum skal eftirleiðis vera 1 króna fyrir hverja lofthæð í reyk-
háfum og pípum, þó eigi minna en 2 krónur fyrir hvert hús.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 29, 13. september 1901, og birt
til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

6 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Jóns Ólafs sál. Samúels-
26. jan. sonar frá Hvítadal« útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra
Íslands 26. jan 1921.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

Minningarsjóð Jóns Ólafs sál. Samúelssonar frá Hvítadal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Ólafs Samúelssonar frá Hvítadal, stofnaður
árið 1920 af fósturforeldrum hins látna Jóni Þórðarsyni og Önnu Bjarnadóttur og nokkrum
fjelögum í »U. M. F. Stjarnan«. Upphæð sjóðsins er nú kr. 1200, sem aldrei má skerða, og
eigi heldur fje það, er sjóðnum kann að bætast síðar.